



## Hreppsnefnd 25.09.03

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 25. sept. 2003 kl. 16.00 í Miklagarði.

Mættir voru: Sigurveig Róbertsdóttir, Ellert Árnason, Ólafur Ármannsson, Emil Sigurjónsson, oddviti, Ólafur Valgeirsson, Borghildur Sverrisdóttir og Aðalbjörn Björnsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar og var síðan gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 28. ágúst sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 28. ágúst sl. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina, og smáveigis athugasemdir komu fram.

Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál. Fundargerðir félagsmálanefndar frá 29. ágúst og 23. sept. sl.

Lagðar fram fundargerðir félagsmálanefndar frá 29. ágúst og 23. sept. sl. Sveitarstjóri vakti athygli á því að í 2. tl. fundargerðarinnar frá 29. ágúst sl., er rætt um endurskoðun húsaleigu í íbúðum sveitarfélagsins og oddviti benti á að þetta mál yrði rætt í 5. máli á dagskrá fundarins hér á eftir.

3. mál. Fundargerð Skólanefndar frá 10. sept. sl. Aðalbjörn Björnsson ræddi um hið nýja

fjarkennsluver, sem er staðsett í tónmenntastofunni í skólanum og að æskilegt að því yrði fundinn framtíðarstaður. Fundargerðin var samþykkt með 7 atkv.

4. mál. Drög að samþykkt um hunda -og kattahald á Vopnafirði.

Lögð fram drög að samþykktum um hunda -og kattahald á Vopnafirði. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu atriðum fyrirbyggjandi draga að samþykktum um hunda og kattahald fyrir Vopnafjarðarhrepp. Síðan lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi drög að samþykktum um hunda- og kattahald á Vopnafirði og samþykkir því að heimila hunda -og kattahald í Vopnafjarðarhreppi með þeim takmörkunum og skilyrðum sem um getur í fyrirbyggjandi drögum.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram.

Reglurnar taki gildi 1. jan. nk.”

Tillagan samþykkt með 7 atkv.

5. mál. Endurskoðun húsaleigu félagslegra leigubúða. – Hugmyndir verða lagðar fyrir fundinn.

Lagðar fram samræmdar reglur Íbúðalánasjóðs um útreikning á húsaleigu félagslegra leigubúða. Ennfremur kynntir útreikningar unnir af sveitarstjóra er taka mið af þessum reglum að teknu tilliti til fasteignaverðs á Vopnafirði.

Síðan lögð fram svofelld tillaga:

“Samþykkt að fela sveitarstjóra í samráði við oddvita og varaoddvita að ljúka útreikningum á leigukostnaði félagslegra leigubúða í eigu sveitarfélagsins á þeim grunni sem kynntur hefur verið. Nýjir útreikningar taki gildi frá og með 1. október nk. Breyting þessi tekur og mið af því að húsaleigubætur verða greiddar á móti til þeirra sem falla undir reglur um greiðslu húsaleigubóta. Jafnframt verði félagsmálanefnd ásamt þessum aðilum falið að móta reglur um úthlutun félagslegra leigubúða.”

Tillagan samþykkt með 7 atkv.

6. mál. Erindi Ólafs Þórs dags. 22. sept. sl., varðandi almenningsakstur.

Lagt fram erindi frá Ólafi dags. 22. sl.

Hreppsnefnd fagnar framkomnu erindi og felur atvinnumálafulltrúa að vinna að framgangi málsins í samvinnu við bréfitara.

Samþykkt með 7 atkv.

7. mál. Ípróttatæki og sólbekkir tilboð.

Lögð fram til kynningar tilboð í ípróttatæki og sólbekki.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tilboð.

Samþykkt með 7. atkv.

8. mál. Reglur Vopnafjarðarhrepps um meðferð innherjaupplýsinga

Lagðar fram til kynningar Reglur Vopnafjarðarhrepps um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Sveitarstjóri gerði grein fyrir reglunum.

Hreppsnefnd staðfestir reglurnar.

9. mál. Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 1. okt. nk.

Hreppsnefnd samþykkir að Björn H. Sigurbjörnsson fari fundinn fyrir hreppsnefnd.

10. mál. Fjárlaganefnd Alþingis viðtalstími mánudaginn 29. sept. nk. kl. 1505 . Sveitarstjóri óskaði eftir því við sveitarstjórnarmenn að þeir legðu fram tillögu um mál sem þeim finnst að þurfi að koma á framfæri við fjárlaganefnd.

11. mál. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga dagana 5. og 6. nóv. nk. Lagt fram til kynningar.

12. mál.. Fundargerð stýrihóps um norðursvæðisverkefni frá 18. sept. sl.

Varðandi 5. tl. fundargerðarinnar “ sameiginleg félags- og skólaþjónusta á norðursvæði Austurlands” var sveitarstjóra, Aðalbirni Björnssyni og Birni Heiðari Sigurbjörnssyni falið að vinna tillögu að afgreiðslu málsins, sem lögð verður fyrir hreppsnefnd.

13. mál. Ýmsar fundargerðir og erindi:

a) Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands frá 5. sept. sl.

b) Aðalfundur SSA 2003, samþykktir o.fl.

c) Fundur samstarfsnefndar launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

d) Félagsmálaráðuneytið bréf dags. 19. ágúst sl., varðandi tækifærisvínveitingaleyfi

Fleira ekki gert og fundi slitið